



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Staðfesting starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2018 – 2019

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Skóladagatöl allra grunnskóla borgarinnar voru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar á 141. fundi ráðsins 27. júní 2018 en starfsáætlanir eru nú lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Eftirfarandi grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2018 -2019:

Austurbæjarskóli	Klébergsskóli
Árbæjarskóli	Laugalækjarskóli
Ártúnsskóli	Laugarnesskóli
Barnaskóli Hjallastefnunnar	Landakotsskóli
Breiðagerðisskóli	Langholtsskóli
Breiðholtsskóli	Melaskóli
Brúarskóli	Norðlingaskóli
Dalskóli	Réttarholtsskóli
Fellaskóli	Rimaskóli
Foldaskóli	Seláskóli
Fossvogsskóli	Seljaskóli
Grandaskóli	Skóli Ísaks Jónssonar
Hagaskóli	Suðurhlíðarskóli
Hamraskóli	Sæmundarskóli
Háaleitisskóli	Tjarnarskóli
Háteigsskóli	Vesturbæjarskóli
Hlíðaskóli	Vogaskóli
Hólabrekkuskóli	Vættaskóli
Húsaskóli	Waldorfskólinn Sólstafir
Ingunnarskóli	Ölduselsskóli
Kelduskóli	
Klettaskóli	

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 á skólaráð hvers grunnskóla að fjalla um árlega starfsáætlun skólans. Eftirtaldir grunnskólar hafa ekki skilað inn staðfestingu á umfjöllun skólaráðs: Breiðagerðisskóli, Breiðholtsskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Háaleitisskóli, Háteigsskóli, Klettaskóli, Laugalækjarskóli, Sæmundarskóli, Vesturbæjarskóli, Vogaskóli og Waldorfskólinn Sólstafir.

Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af starfsmönnum á grunnskólahluta fagskrifstofu með hliðsjón af til þess gerðum gátlista. Skólastjórar munu fá gátlistana senda þegar starfsáætlanirnar hafa verið samþykktar og geta stuðst við þá við endurskoðun starfsáætlana fyrir næsta skólaár.